

FUNDARGERÐ

Árið 2022, föstudaginn 24. júní kl. 12:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í innviðaráðuneytinu að Sölvhólsögötu 7.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Friðbjörg Matthíasdóttir (í fjarveru Daníels Jakobssonar) Karen E. Halldórsdóttir, Margrét Þórarinsdóttir og Stefán Vagn Stefánsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni, Gústav Aron Gústavssyni, Óskari Helga Þorleifssyni, og Ragnari Ágústi Róbertssyni, sem ritaði fundargerð.

Gestir undir lið 2: Haraldur Línal Haraldsson og Arnar Haraldsson frá HLH ráðgjöf.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir síðasta fundar

Lögð var fram til samþykktar fundargerð ráðgjafarnefndar frá 23. maí 2022.

Fundargerðin var samþykkt án athugasemda.

2. Málafni fatlaðs fólks

Haraldur Línal Haraldsson og Arnar Haraldsson frá HLH ráðgjöf mættu á fund nefndarinnar og kynntu niðurstöður úr skýrslu starfshóps um heildarendurskoðun á lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Í skýrslunni er að finna mikið magn af upplýsingum sem ekki hafa verið aðgengilegar um stöðu þjónustu við fatlað fólk. Þar kemur meðal annars fram að rekstrargjöld í málaflokknum hafa aukist töluvert hraðar en rekstrartekjur og að rekstrarniðurstaða hafi verið neikvæð sem nemur 9 ma.kr. á árinu 2020. Þá kemur fram að 486 einstaklingar eru nú á biðlista fyrir sértækt húsnæði í málaflokknum.

Jafnframt kom fram að settur hefur verið á laggirnar nýr starfshópur á vegum félagsmála- og vinnumarkaðsráðuneytisins sem ætlað er að skoða fjármálaleg samskipti milli ríkis og sveitarfélaga þar sem byggt verður á niðurstöðu framangreindrar skýrslu.

3. Framlög vegna vatnsveituframkvæmda á lögbýlum 2022 – breytingar á reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 1088/2018 og reglugerð um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til vatnsveitna á lögbýlum nr. 180/2016

Í ljósi breytinga á heimild í reglugerð um hækkun framlaga vegna vatnsveituframkvæmda á lögbýlum úr 25 m.kr. í 31,6 m.kr. var lagt til að framlag vegna vatnsveituframkvæmda sem samþykkt var fyrr á árinu verði hækkað úr 21,4 m.kr. í 28 m.kr. 3,6 m.kr. eru áætlaðar í umsýslukostnað.

4. Mælaborð jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Haldin var kynning á nýju mælaborði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem mun taka við því eldra sem tekið var í notkun árið 2018. Fram kom að stefnt er að því að nýja mælaborðið fari í loftið fljótlega en vefsvæðinu er ætlað að veita á gagnvirkan hátt aðgang að tölfraeðiupplýsingum um sjóðinn og gera notendum kleift að hlaða niður tölulegum gögnum um framlögin.

5. Fjármál sveitarfélaga árið 2020 – áhrif COVID-19

Lagt var fram til upplýsingar minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 23 júní 2022, ásamt minnisblaði frá Gunnari Haraldssyni og Garðari Jónssyni um áhrif COVID-19 á fjármál sveitarfélaga.

Í lok apríl 2020 beindi ríkisstjórnin því til samráðsnefndar ríkis og sveitarfélaga að greina áhrif Covid-19 á fjárhag sveitarfélaga. Skipaður var starfshópur ríkis og sveitarfélaga sem safnaði saman upplýsingum úr bókhaldi sveitarfélaga til að unnt væri að sjá þær breytingar sem Covid-19 hafði á upphaflegar fjárhagsáætlanir sveitarfélaga. Bornar voru saman tölur úr fjárhagsáætlun sveitarfélaganna á sínum tíma, horfunum eins og þær voru metnar það ár og svo rauntölur eins og þær birtast í ársreikningum sveitarfélaganna.

Þessi samanburður leiðir í ljós að heildartekjur sveitarfélaganna urðu vissulega minni en ráð var fyrir gert í fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna áður en Covid-19 faraldurinn reið yfir. Munurinn er þó minni en áætlað var. Í stað 4,7% samdráttar í tekjum frá áætlunum reyndist hann rúmmt 1%. Heildargjöldin jukust hins vegar meira en ráð var fyrir gert, þ.e. um 3,2% í stað 1,8%.

Af þessu má ráða að tekjur og gjöld sveitarfélaganna hafi ekki verið mjög langt frá því sem gert hafði verið ráð fyrir í fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna fyrir Covid-19 faraldurinn, þegar á heildina er litið. Gjöldin urðu meiri en spáð var árið 2020 en tekjurnar reyndust svipaðar og upphaflega var gert ráð fyrir. Ekki sér merki þess að ráðist hafi verið í sérstakt fjárfestingaráttak umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir í áætlunum ársins 2020.

6. Sameiningar sveitarfélaga – yfirlit yfir framlög

Framlög vegna sameininga á árinu 2022

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu endanleg framlög vegna sameiningar sveitarfélaga á árinu 2022 á grundvelli reglna um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga nr. 782/2020, ásamt minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 23. júní 2022.

Um er að ræða eftirfarandi sameiningar:

- Helgafellssveit og Stykkishólmsbær - Heildarframlag er 644 m.kr.

- Skagafjörður og Akrahreppur - Heildarframlag er 748 m.kr.
- Blönduósþær og Húnavatnshreppur - Heildarframlag er 687 m.kr.
- Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit - Heildarframlag er 552 m.kr.
- Svalbarðshreppur og Langanesbyggð - Heildarframlag er 558 m.kr.

Samtals nema heildarframlögin vegna þessara fimm sameininga alls 3,2 ma.kr. sem mun dreifast á sjö árum. Búið er að óska eftir við sameinuð sveitarfélög að þau skili inn upplýsingum til sjóðsins þar sem fram kemur með hvaða hætti staðið verði að fyrirhuguðum verkefnum í tengslum við endurskipulagningu þjónustu og stjórnýslu ásamt áætluðum kostnaði. Jafnframt er mikilvægt að sameinað sveitarfélaga geri áætlun um með hvaða hætti staðið verði að niðurgreiðslu skulda á tímabilinu.

Heildaryfirlit yfir sameiningarframlög

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu nýtt yfirlit um fjárhagslega aðstoð vegna sameiningar fyrir öll sveitarfélögin sem gilda fyrir árið 2022. Búið er að uppfæra framlögin frá fyrra ári sem miðast núna við ársreikninga sveitarfélaga fyrir árið 2021 og íbúatölur yfir tímabilið 2016-2022. Framlögin skiptast sem áður í þrenns konar framlög sem eru:

- Skuldajöfnunarframlag
- Framlag vegna endurskipulagningar
- Byggðaframlag

Framlögin gilda fyrir sameiningar sem samþykktar eru á árinu 2022 og jafnframt geta önnur sveitarfélög séð hvað þau myndu fá í ofangreind framlög, óháð því hvaða sveitarfélög sameinast.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja heildaryfirlit um fjárhagslega aðstoð vegna sameiningar fyrir árið 2022 á grundvelli reglna nr. 782/2020.

7. Fasteignasjóður jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Tekið var til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Kópavogsbæjar þar sem sótt er um framlag til úrbóta á aðgengismálum í Naustavör 14, sem hýsir Siglingaklúbbinn Ými. Sótt er um framlag til kaupa og uppsetningar á lyftu, breytingar á handriði og bætt aðgengi fatlaðs fólks að salerni húsnæðisins. Heildarkostnaður við kaup og uppsetningu á lyftu ásamt öðru í tengslum við framkvæmdina er 4,4 m.kr.

Framlög vegna úrbóta á aðgengismálum eru veitt á grundvelli 3. gr. reglna 280/2021. Þar er gert ráð fyrir að kostnaðarþáttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag vegna þessarar framkvæmdar nema 2.212.605 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 2.212.605 kr. vegna framkvæmdarinnar.

8. Sólheimar og Skálatún – rekstrarerfiðleikar

Ráðgjafarnefndin fjallaði um málefni Sólheima og Skálatúns í framhaldi af umræðu síðasta fundar. Sólheimar og Skálatún standa frammi fyrir miklum rekstrarerfiðleikum.

Skálatún:

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað, dags. 23. júní sl. þar sem fjallað er um rekstrarerfiðleika Skálatúns og lækun framlaga úr Jöfnunarsjóði til Skálatúns.

Fram kemur í minnisblaðinu að Skálatún eigi í alvarlegum greiðsluvanda og að óbreyttu stefni rekstur stofnunarinnar í þrot. Bráðavandinn sé mikill og skuldir sem greiða þurfi á næstu mánuðum nemi um 260 m.kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að leggja til við ráðherra að veitt verði viðbótarframlag að fjárhæð 296 m.kr. til Mosfellsbæjar vegna Skálatúns með eftirfarandi skilyrðum:

1. *Að Mosfellsbær hefji viðræður við Skálatún um að sveitarfélagið taki við rekstri Skálatúns og að viðræður um yfirtökuna ljúki á árinu.*
2. *Breytingar framlaganna taki einvörðungu til þessa árs og framlag ársins taki mið af niðurstöðu viðræðna aðila um framtíðarskipun rekstrar.*
3. *Framkvæmdastjóri Skálatúns skili Mosfellsbæ og Jöfnunarsjóði greinargerð um rekstur Skálatúns á árinu 2022 og mögulegar hagræðingaraðgerðir.*
4. *Mosfellsbær greiði Skálatúni helming fjárhæðarinnar sem telst til bráðavanda eða 55 m.kr.*

Hækkun framlaga til Skálatúns byggir á að útreikningar til Skálatúns eru verðbættir frá árinu 2010.

Birgi Björn Sigurjónsson greiddi atkvæði gegn tillögunni og lagði fram eftirfarandi bókun:

Bókun vegna afgreiðslu á erindi Skálatúns til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga:

Ráðgjafarnefnd féllst á árinu 2020 á tillögu skrifstofustjóra í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu að veita Skálatúni 65 m.kr. viðbótarframlag vegna ósjálfbærrar lausafjárstöðu og 10 m.kr. vegna vinnu verkefnastjórnar að lausn á rekstrarvanda félagsins. Síðar sama ár féllst meirihluti ráðgjafarnefndar á tillögu skrifstofustjórans um 25 m.kr. viðbótarframlag vegna ársins 2020 og 20 m.kr. vegna ársins 2021 sem átti að leysa endanlega fjárhagsvanda félagsins og að ekki yrði aftur þörf á aðkomu Jöfnunarsjóðs að málinu. Nú liggur fyrir tillaga um að Skálatúni verði veitt enn meiri viðbótarframlög eða 296 m.kr í stað þess að ríkið komi með viðbótarfjármuni til að tryggja áframhaldandi rekstur.

Á fundi ráðgjafarnefndar í dag (24. júní 2022) hefur komið fram að halli sveitarfélaganna á rekstri úrræða vegna málefna fatlaðs fólks nam á árinu 2020 nærri 9 milljörðum króna og mun væntanlega hafa vaxið um a.m.k. 2 milljarða 2021. Í ljósi þess hvernig staða Jöfnunarsjóðs er gagnvart fjármögnun á þjónustu sveitarfélaganna við fatlað fólk og þess að Jöfnunarsjóður hefur ekki skyldur að verða við erindi Skálatúns hefur ráðgjafarnefndin ekki forsendur til að mæla með frekari viðbótarframlögum til Skálatúns. Vandí Skálatúns er mikill og á rætur að rekja til þess hvernig ríkið stóð að yfirfærslu úrræða sem veitt voru

annars vegar af Skálatúni og hins vegar af Sólheimum og ríkinu ber siðferðisleg skylda til að standa með þessum sjálfstætt starfandi velferðarstofnunum án þess að skerða getu Jöfnunarsjóðs sem nú þegar stendur illa að vígi að fjármagna lögskyld verkefni sveitarfélaganna.

Sólheimar:

Jafnframt kemur fram í framangreindu minnisblaði að áætluð framlög til Sólheima hafi lækkað um 62 m.kr. á árinu 2021 miðað við fyrstu áætlanir um framlög á árinu 2021. Ástæða lækkunarinnar er mikil nýliðun í málaflokknum á árinu 2021.

Mikill halli er á rekstri Bergrisans og telur byggðasamlagið sig ekki geta staðið undir fjármögnun Sólheima þar sem forsendubrestur hafi verið á því fyrirkomulagi sem gert var ráð fyrir að vinna með varðandi fjármögnun Sólheima.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að leggja til við ráðherra að veita framlag að fjárhæð 83 m.kr. til Bergrisans vegna Sólheima:

- 1. Framlög ársins 2022 verði framreiknuð miðað við það framlag sem greitt var til Sólheima skv. fjárlögum 2010. Áætlað framlag til Sólheima er nú áætlað 565 m.kr. en skv. framreikningi hækkar framlagið um 52 m.kr. og nemur því allt að 617 m.kr. á árinu 2022.*
- 2. Jöfnunarsjóður greiði 31 m.kr. framlag vegna lækkunar framlaga ársins 2021 að fjárhæð 62 m.kr.*

Birgi Björn Sigurjónsson greiddi atkvæði gegn tillögunni og lagði fram eftirfarandi bókun:

Bókun vegna afgreiðslu á erindi vegna Sólheima til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga:

Fyrir ráðgjafarnefnd liggur tillaga um að Bergrisanum verði veitt sérstakt viðbótarframlag að fjárhæð 83 m.kr. vegna hallans á rekstri Sólheima. Á fundi ráðgjafarnefndar í dag (24. júní 2022) hefur komið fram að halli sveitarfélaganna á rekstri úrræða vegna málefna fatlaðs fólks nam á árinu 2020 nærri 9 milljörðum króna og mun væntanlega hafa vaxið um a.m.k. 2 milljarða 2021. Áður hefur komið fram að mikil fjölgun SIS mata í jöfnunarkerfinu leiddi til skerðingar á framlögum til sveitarfélaganna og er hluti af skýringunni á miklum halla rekstri sveitarfélaganna á þessari þjónustu. Í ljósi þess hvernig staða Jöfnunarsjóðs er gagnvart fjármögnun á þjónustu sveitarfélaganna við fatlað fólk og þess að Jöfnunarsjóður hefur ekki skyldur að verða við erindi Bergrisans vegna Sólheima hefur ráðgjafarnefndin ekki forsendur til að mæla með viðbótarframlögum til verkefnisins. Vandí Sólheima er mikill og á rætur að rekja til þess hvernig ríkið stóð að yfirfærslu úrræða sem veitt voru annars vegar af Sólheimum og hins vegar Skálatúni og ríkinu ber siðferðisleg skylda til að standa með þessum sjálfstætt starfandi velferðarstofnunum án þess að skerða getu Jöfnunarsjóðs sem nú þegar stendur illa að vígi að fjármagna lögskyld verkefni sveitarfélaganna.

Guðný Sverrisdóttir

Ásta Stefánsdóttir

Birgir Björn Sigurjónsson

Friðbjörg Matthíasdóttir

Karen E. Halldórsdóttir

Margrét Þórarinsdóttir

Stefán Vagn Stefánsson